

9.1.2013

Atvinnuveganefnd

Atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárfrumvarpsins, viðbótarathugasemdir við 25. gr.

2. mgr. 25. gr. stjórnarskrárfrumvarpsins

„Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.“ (undirstrikun HS)

Breytingartillaga:

2. mgr. verði óbreytt frá núverandi stjórnarskrá. Það þýðir að orðin „mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa og til“ falla niður.

2. mgr. verði því svo hljóðandi: **Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.**

Skýringar: Mikilvægt er að mælt sé fyrir um **að í lögum sé kveðið á um rétt manna** til að semja um starfskjör sín. Orðalag frumvarpsins „**að öllum**“ skuli tryggður réttur til að semja um starfskjör sín má skilja þannig að verið sé að flytja kjarasamningsréttinn frá stéttarfélögum og gera hann einstaklingsbundinn sem ekki var tilgangur stjórnlagaráð enda þvert á fyrirkomulag hér á landi og öðrum Norðurlöndum, sbr. 5. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938. Slíkt væri því megin breyting á fyrirkomulagi á íslenskum vinnumarkaði. Það láðist að taka þetta atriði fram í umsögn SA.

Varðandi niðurfellingu annarra orða, vísast til umsagnar SA. Enga nauðsyn ber til að hafa þann texta í stjórnarskrárákvæðinu og eingöngu til þess fallið að valda misskilningi um inntak ákvæðisins. Tekið var tillit til skuldbindinga Íslands samkvæmt alþjóðasamningum við breytinguna á stjórnarskránni 1995 og var markmiðið að mæla fyrir um þá skyldu löggjafans að réttindum á þessu sviði sé markaður rammi með lögum.



Með kveðju,

Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.
Yfirlögfræðingur

Samtök atvinnulífsins
Farsími 8210020 · Beinn Sími 591 0020 · Fax 591 0050
hrafnhildur@sa.is - www.sa.is